

Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2006





Tilgangur

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenn- ing og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetuskil- yrða og hefur meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu bruna- varna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfé- lags og nýttir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.

Hlutverk

Líf – Brunamálastofnun gegnir lykilhlutverki við umbætur á sviði brunavarna og gegnir að lögum frumkvæðishlutverki við sam- ræmingu þeirra krafta sem að brunavörnum starfa.

Heilsa – Stofnunin gegnir forvarnahlutverki gagnvart almenningi. Hún stundar öflugt forvarnastarf með það að leiðarljósi að draga úr tíðni bruna, tjónatíðni og alvarleika tjóna og draga þannig úr líkum á heilsutjóni.

Umhverfi – Brunamálastofnun gegnir stjórnsýsluhlutverki við öflun og miðlun þekkingar á sviði viðbragða við mengunaróhöpp- um á landi. Í því felst að hafa yfirumsjón með setningu reglna, leiðbeininga og samræmingu vinnubragða þannig að slökkvilið bregðist á virkan hátt við mengunaróhöppum.

Eignir – Verðmæti eigna í samfélaginu eykst árlega og Brunamála- stofnun gegnir stóru hlutverki í þeirri keðju sem ver eignir landsmanna fyrir tjóni. Verðmæti og gæði íbúðarhúsnæðis hafa aukist en mikil verðmætaaukning felst í sífellt flóknara atvinnuhúsnæði þar sem mikilvæg framleiðslutæki og atvinna manna eru í húfi.

Brunamálastofnun

Ársskýrsla 2006, gefin út í júlí 2007

Ábyrgðarmaður: Björn Karlsson

Umsjón og texti: Garðar Guðjónsson

Umbrot og prentun: Litlaprent

Leiðarljós

Að sinna þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluhlut- verki sínu gagnvart stjórnvöldum, slökkviliðum, byggingar- iðnaði, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum þannig að líf, heilsa, umhverfi og eignir séu varin.

Að styðja aðra aðila í samfélaginu við framkvæmd laga og reglu- gerða sem lúta að brunavörnum.

Að sjá til þess að á hverjum tíma sé til þekking og reynsla hjá stofnuninni sem nýtist til ráðgjafar á sviði brunavarna og til kennslu og þjálfunar slökkviliðsmanna.

Að mæta með fullnægjandi hætti öllum eðlilegum kröfum um góða stjórnsýslu og rétta framkvæmd verkefna stofnunarinnar á sviði brunavarna.

Helstu verkefni samkvæmt lögum um brunavarnir

Brunamálastofnun hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Helstu verkefni stofnunarinn- ar samkvæmt 5. grein laganna eru að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
- hafa yfirumsjón með eldvarnaeftirliti og slökkvistarfi sveitarfé- laga til að tryggja samræmt eftirlit og virkt slökkvistarf,
- sjá um kynningar- og fræðslustarf fyrir almenning og slökkvilið og þá sem vinna við brunahönnun mannvirkja,
- vera byggingaryfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir mannvirkja og brunaöryggi vöru,
- samþykkja þjónustu- og eftirlitsaðila brunavarna og bruna- varnaáætlanir sveitarfélaga,
- yfirfara brunahönnun nýbygginga, viðbóta og breytinga á mannvirkjum sem slökkviliðsstjóri eða byggingarfulltrúi vísa til stofnunarinnar,
- fylgjast með og eftir atvikum stunda sjálfstæðar rannsóknir á sviði brunavarna og semja árlega skýrslu um orsakir og afleið- ingar eldsvoða,
- fylgjast með framförum og nýjungum á sviði brunavarna og gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á reglum eftir því sem tilefni gefst til.

Brunamálastofnun ber jafnframt að vinna að samræmingu brunavarna í landinu og stuðla að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum. Stofnunin skal með sjálfstæðum athugunum og úttektum leiðbeina sveitarstjórnnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða.

Skipulag

Brunamálastofnun starfar samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 sem tóku gildi 1. janúar 2001. Samkvæmt þeim fer umhverfisráðherra með yfirstjórn brunamála en Brunamálastofnun er ráðherra til aðstoðar og hefur margþættu hlutverki að gegna samkvæmt lögnum.

Ráðherra skipar brunamálastjóra til fimm ára. Hann fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar. Hann er ábyrgur fyrir rekstrinum gagnvart ráðherra. Dr. Björn Karlsson var skipaður í stöðu brunamálastjóra frá 1. janúar 2001. Fastráðnir starfsmenn Brunamálastofnunar voru 13 talsins 31. desember 2006 en auk þess kaupir stofnunin þjónustu sérfræðinga vegna einstakra verkefna.

Umhverfisráðherra skipar brunamálaráð til fjögurra ára í senn. Brunamálaráð er Brunamálastofnun til faglegrar ráðgjafar og skal ráðherra leita álits ráðsins um lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir samkvæmt lögnum. Brunamálastjóri situr fundi ráðsins. Ráðið er nú þannig skipað:

- Drífa Sigfúsdóttir formaður, skipuð af ráðherra
- Gunnar H. Kristjánsson, Brunatæknifélagi Íslands
- Sigmar Ármannsson, Sambandi íslenskra tryggingafélaga
- Gestur Pétursson, Samtökum atvinnulífsins
- Inga Hersteinsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Kristján Einarsson, Félagi slökkviliðsstjóra
- Vernharð Guðnason, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS)

Til þess að ná markmiðum sínum hefur Brunamálastofnun náð samstarf við fjölda aðila sem fjalla um brunavarnir og byggingamála á Norðurlöndunum og ýmsa fagaðila í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar. Helstu samstarfsaðilar innanlands eru:

- Umhverfisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Vinnueftirlitið
- LSS
- Félag slökkviliðsstjóra
- Félag byggingafulltrúa
- Slökkviliðin
- Byggingafulltrúar
- Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
- Verkfræðingar, arkitektar og hönnuðir
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Tryggingafélögin
- Ríkislögreglustjórnin
- Flugmálastjórn
- Lagnakerfamiðstöð Íslands
- Háskóli Íslands
- Háskólinn í Reykjavík

Brunamálastofnun hefur einnig samstarf við fjölmarga aðila á Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og á vettvangi Evrópusambandsins. Um er að ræða systurstofnanir og byggingastofnanir, brunamálaskóla, rannsóknastofnanir og fagfélög.

Átak í eflingu eldvarna verður að veruleika



Fyrir rúmu ári ákváðu umhverfisráðuneytið og Brunamálastofnun að andvirði 100 milljóna króna yrði varið til kaupa á ýmsum búnaði fyrir slökkvilið landsins. Það er sérstaklega ánægjulegt að þessu verkefni er nú að ljúka. Á ráðstefnu slökkviliðsstjóra 2006 var ákveðið hvernig þessu fé skyldi ráðstafað og ríkti um það mikill einhugur meðal slökkviliðsstjóra.

Í fyrsta lagi er um að ræða 19 kerrur með búnaði til viðbragðs við mengunarslysum og eiturefnaslysum. Í öðru lagi 11

kerrur með reykköfunartækjum og loftbanka. Fyrstu kerrurnar hafa þegar verið afhentar. Í þriðja lagi er um að ræða búnað vegna stærri mengunar- og eiturefnaslysa, en það er þyrlutækur búnaður sem vistaður er hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Slökkviliði Akureyrar. Í fjórða lagi var fjárfest í æfingagámum fyrir slökkvilið og sjö slíkum gámum dreift víða um landið. Og í fimmta lagi var fjárfest í 20 fartölvum sem búnar eru sérstökum gagnagrunnum fyrir eldvarnaeftirit, en þessum búnaði er ætlað að efla hið mjög svo mikilvæga forvarnastarf slökkviliðanna.

Ég hygg að óhætt sé að fullyrða að hér sé á ferð stærsta einstaka átakið sem farið hefur verið í á Íslandi til að efla eldvarnir og viðbúnað vegna mengunarslysa. Það er von mín að slökkviliðin muni styrkjast vegna þessa átaks og ég er þess fullviss að almenningur og atvinnulífið muni njóta góðs af þegar fram líða stundir.

Brunamálaskólinn eflist

Margt annað hefur borið til tíðinda í brunamálum að undanfögnu. Þann 1. mars síðastliðinn tók Brunamálaskólinn í notkun nýtt húsnæði á Miðnesheiði. Þessi mikilvægi skóli hefur nú loksins fengið fast aðsetur og þar með skapast miklir möguleikar til að styrkja og byggja upp aðstöðu til menntunar og þjálfunar

slökkviliðsmanna. Og í nágrenni skólans er fyrirtaks aðstaða til allskyns verklegrar kennslu, svo sem kennslu í neyðarakstri, reykköfun, björgun úr bílflökum, viðbragði við mengunarslysum og slökkvistarfi almennt.

Átak hefur verið gert í því á undanfögnu misserum að gefa út námsefni á vegum skólans. Á árinu 2006 leit dagsins ljós nýtt námsefni fyrir eldvarnaeftirlitsmenn annars vegar og stjórnendur í slökkviliðum hins vegar. Þá gaf Brunamálastofnun út ritið Æfingar fyrir slökkvilið. Þessari þróun ber að fagna.


Frumvarp um Byggingarstofnun

Undanfarin ár hefur farið fram í umhverfisráðuneytinu mikil vinna við nýtt frumvarp til laga um mannvirki sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi. Ef frumvarpið nær fram að ganga mun það hafa mikil áhrif á stjórnarsýslu á sviði brunamála. Lagt er til að sett verði á fót Byggingarstofnun, sem hafi yfirumsjón með stjórnarsýslu mannvirkjamála, þar með talið þeim verkefnum sem Brunamálastofnun sinnir nú. Áfram er gert ráð fyrir að ábyrgð á beinu eftirliti með byggingu mannvirkja verði í höndum byggingafulltrúa sveitarfélaganna en að eitt af meginverkefnum Byggingarstofnunar verði að tryggja samræmt byggingaefnirit um allt land. Svipuðu hlutverki hefur Brunamálastofnun einmitt sinnt hvað brunamál snertir.

Þótt fyrirhugað sé að Brunamálastofnun verði lögð niður í núverandi mynd er gert ráð fyrir að starfsemin haldi að miklu leyti óbreytt áfram undir merkjum nýrrar stofnunar, Byggingarstofnunar, sem hins vegar er ætlað að hafa mun víðtækara hlutverk. Þannig mun skapast sterkari og stærri stofnun, og í mínum huga leikur ekki nokkur vafi á því að sú stofnun mun hafa enn meiri burði til að standa vel að brunamálum í landinu og muni reynast slökkviliðum landsins enn sterkari bakhjarl en nú er.

Júní 2007

Dr. Björn Karlsson
brunamálastjóri




Brunamálastofnun tekur þátt í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um tæknilegar prófanir og rannsóknir á sviði byggingarmála. Guðmundur Gunnarsson er fulltrúi Brunamálastofnunar í samstarfsvettvangi Norðurlandanna um sprengihættuefni, Nordex. Dr. Björn Karlsson brunamálastjóri situr síðan 2002 í stjórn Alþjóðlega brunavísindafélagsins (International Association for Fire Safety Science) og er formaður menntunarnefndar félagsins. Hann er einnig varaformaður Verkfræðingafélags Íslands og dósent við umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands.

Fjöldi slökkviliða lauk við gerð brunavarnaáætlunar

Tuttugu slökkvilið höfðu lokið gerð brunavarnaáætlana í lok árs 2006 og 24 til viðbótar voru langt komin með gerð sinna áætlana. Mikill meirihluti slökkviliðanna hefur því lokið við gerð brunavarnaáætlunar eða er langt kominn. Á síðasta ári bættust 12 slökkvilið í hóp þeirra sem lokið hafa þessari mikilvægu vinnu.

Samkvæmt lögum um brunavarnir ber sveitarfélögum að gera brunavarnaáætlunir fyrir starfssvæði slökkviliðanna í landinu og senda Brunamálastofnun þær til staðfestingar. Í brunavarnaáætlun er ætlast til þess að sveitarfélögin skilgreini þá þjónustu sem þau hyggjast veita á þessu sviði. Gerðar eru kröfur um ákveðinn lágmarks viðbúnað en allt umfram hann er á valdi sveitarfélaganna. Þannig geta þau ákveðið að annast ákveðna þætti í brunavörnum en þau geta einnig ákveðið að hafa samstarf um ákveðna þætti í þjónustunni og skipta með sér verkum. Brunavarnaáætlun á að auðvelda almenningi að kynna sér skipulag og markmið slökkviliðsins í viðkomandi sveitarfélagi.



Menntun og rannsóknir

Brunamálastofnun hefur á undanförunum árum lagt vaxandi áherslu á þátttöku í ýmsum rannsóknum á sviði byggingaverkfræði auk þess að annast kennslu og ráðgjöf við ýmsar stofnanir. Meðal verkefna á þessu sviði er að stuðla að stofnun sérstaks rannsóknarsviðs í brunavörnum við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

Brunamálastofnun vinnur að rannsókn á hættum sem slökkviliðsmönnum stafar af eldi í lokuðu rými. Rannsóknin er unnin í samvinnu við umhverfis- og byggingaverkfræðiskor Háskóla Íslands og háskóla í sex öðrum Evrópulöndum. Hún gengur undir heitinu Firenet og er kostuð af Evrópusambandinu. Doktorsnemi við Háskóla Íslands vinnur að rannsókninni sem starfsmaður Brunamálastofnunar.

Þá hefur brunamálastjóri kennt mastersnemum á fjórða ári við umhverfis- og byggingaverkfræðiskor Háskóla Íslands. Verkfræðinemi við háskólann í Lundi í Svíþjóð varði á síðasta ári mastersritgerð um áhættugreiningu olíubirgðastöðvarinnar í Örfirisey, en ritgerðin var unnin undir leiðsögn brunamálastjóra.

Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur stofnunarinnar, annaðist kennslu í brunavörnum við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og í Listaháskóla Íslands fyrir nema á öðru ári í arkitektúr eins og fyrri ár. Hann hélt einnig fjölda námskeiða í samvinnu við Rafiðnaðarskólann, Iðuna og fleiri, meðal annars um uppsetningu og viðhald úðakerfa og brunaviðvörunkerfa, um brunapéttingar og gaslagnir.

Viðbrögð við gróðureldum

Hinir miklu gróðureldar sem urðu á Mýrum í lok mars 2006 kölluðu á margvísleg viðbrögð af hálfu Brunamálastofnunar og fleiri aðila. Meðal annars beindust sjónir manna að hættu á gróðureldum í sumarhúsabyggðum og margvíslegum erfiðleikum sem þar gætu orðið í slökkvistarfi. Litið var bæði til viðbragða og forvarna. Ráðist var í að þýða og staðfæra sænska bók um viðbrögð við gróðureldum og er fyrirhugað að bjóða sérstök námskeið um efnið. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands fjármagnar útgáfuna. Sænskur sérfræðingur var fenginn hingað til lands til að fræða stjórnendur slökkviliða um viðbrögð við gróðureldum og hélt hann einnig erindi á ráðstefnunni Björgun 2006. Þá hófust viðræður Brunamálastofnunar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslu Íslands, ríkislögreglustjórans og Skógræktar ríkisins um slökkvistarf með þylum og snemma árs 2007 var ákveðið að festa kaup á 2.000 lítra vatnsláti sem getur komið sér vel í baráttu við gróðurelda.

Skipaður var samráðshópur fjölmargra aðila sem hefur það hlutverk að fjalla um hættu á gróðureldum og viðbrögð við þeim, ekki síst með tilliti til sumarhúsabyggða. Skoða þarf sérstaklega meðal annars vatnsöflun í slíkum byggðum og setja kröfur um burðargetu vega.

Eldvörnum í sumarbúðum ábótavant

Brunamálastofnun gerir árlega úttekt á talsverðum fjölda bygginga víða um land. Þannig skoðuðu starfsmenn stofnunarinnar 26 byggingar á síðastliðnu ári að beiðni slökkviliðsstjóra eða bygginga-fulltrúa og gerðu um það skýrslur. Einnig var nokkuð um að brunahanar væru rennismældir til að aðgæta hvort slökkvivatn væri nægjanlegt. Þá gerði stofnunin skýrslur um sex bruna á árinu 2006. Í tveimur þessara tilvika varð manntjón.


Brunamálastofnun hefur skoðað byggingar kerfisbundið frá árinu 1986 og sett niðurstöður í gagnagrunn. Hverju sinni beinist athyglin að byggingum sem hýsa tiltekna tegund reksturs. Sumarið 2006 skoðaði stofnunin og gerði skýrslu um 21 byggingu hjá tíu rekstrareiningum sumarbúða. Stofnunin hefur í gagnagrunni sínum skýrslur um 38 byggingar sem notaðar voru fyrir sumarbúðir á árunum 1988 til 1989.

Við þessar skoðanir er stuðst við eftirfarandi einkunnagjöf:

- Framúrskarandi: Brunavarnir eru í fullkomnu lagi og umfram kröfur í byggingareglugerð.
- Ágætt: Brunavarnir standast kröfur reglugerðar.
- Sæmilegt: Í lagi í aðalatriðum þótt sitthvað sé aðfinnsluvert.
- Slæmt: Stenst ekki kröfur og þarfnast úrbóta þótt ekki sé um bráða hættu að ræða.
- Óviðunandi: Bráð hætta og þarfnast tafarlausra úrbóta.

Hlutfallstölurnar sem nefndar eru hér að neðan um almennt

Staða brunavarna sumarbúða 2006



ástand brunavarna í sumarbúðum ber að skoða í ljósi nokkurra atriða. Tilgangur úttekta Brunamálastofnunar er fyrst og fremst að fylgjast með þróun mála milli ára og það kerfi sem notað er til einkunnagjafar verður að vera einfalt og byggja á gildandi byggingareglugerð.

Hins vegar starfar eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna í mun flóknara umhverfi þar sem oft verður að taka tillit til eldri húsa sem byggð eru samkvæmt eldri byggingareglugerðum. Jafnframt fer eldvarnaeftirlit ósjaldan fram á að eigandi húsnæðis geri langtímaáætlun um bættar brunavarnir eða samþykkir hönnun þar sem vissum tæknilausnum hefur verið beitt þótt ljóst sé að byggingin uppfylli strangt til tekið ekki öll ákvæði gildandi byggingareglugerðar.

Með skoðunum sínum fylgist Brunamálastofnun með þróun milli ára og ber saman brunavarnir í ýmsum flokkum bygginga, auk þess að tryggja samræmt eldvarnaeftirlit á landinu öllu. Þegar niðurstaða Brunamálastofnunar er sú að ástand brunavarna sé slæmt eða óviðunandi sendir stofnunin skýrslu um úttektina til slökkviliðsstjóra og sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Nú voru skoðaðar fjórar byggingar í fyrsta skipti, ein bygging í



annað sinn, þrettán byggingar í þriðja sinn og þrjár byggingar voru skoðaðar í fjórða sinn. Ekki var hægt að sjá marktækan mun á ástandi miðað við tíðni skoðana. Sumarbúðirnar sem oftast hafa verið skoðaðar koma verr út en þær sem hafa verið skoðaðar sjaldnar en í síðarnefndu tilvikunum er yfirleitt um nýjar byggingar að ræða.

Ástand eldvarna í sumarbúðum er almennt ekki gott. Nær helmingur bygginga fékk einkunnina slæmt eða 43%. Einkunnina sæmilegt fengu 12 byggingar eða 57%. Engin bygging fékk einkunnina framúrskarandi eða ágætt en engin þótti heldur óviðunandi.


Víða er nauðsynlegt að taka á brunahólfun sumarbúðabygginga og aðskilja byggingarhluta, loka á milli hæða, setja klæðningar í flokki 1, hafa viðvörunarkerfi í lagi, út- og neyðarlýsingu og rýmingarleiðir góðar. Niðurstaðan er sú að ástand brunavarna sumarbúða hefur almennt staðið í stað með nokkrum undantekningum frá skoðun árunum 1988 til 1989. Ef aðeins er tekið mið af þeim byggingum sem voru skoðaðar í bæði skiptin hefur ástand heldur versnað en hitt.

Sumarbúðirnar eiga það nær allar sameiginlegt að það tekur slökkvilið yfir 25 mínútur að aka frá slökkvistöð að þeim. Í einu tilfelli er hægt að segja að það taki um 15 mínútur. Ekki síst í ljósi þessa er mjög mikilvægt að í sumarbúðum sé viðvörunarkerfi fyrir hendi, rýmingarleiðir merktar (útljós, neyðarlýsing og merkt björgunarop), góðar og greiðfærar rýmingarleiðir, myndir af rýmingarleiðum í gistiherbergjum, slökkvibúnaður, æfingar og fræðsla séu haldnar fyrir alla hópa og starfsfólk þjálfað.

Samið um kaup á búnaði til að efla eldvarnir og eldvarnaeftirlit

Brunamálastofnun tilkynnti á síðasta ári að hún hygðist verja um 100 milljónum króna til kaupa á búnaði til þess að efla eldvarnir og viðbrögð við mengunarslysum um allt land. Auk þess verður fénu varið til þess að stuðla að eflingu eldvarnaeftirlits með samvinnu sveitarfélaga. Veiting fjárisins var bundin því skilyrði að slökkviliðin ættu og rækju búnaðinn í sameiningu og hafði

Slökkviliðin í landinu



Slökkvilið

(útkallsnúmer innan sviga)

1. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (10201)
2. Slökkvilið Akraness (20201)
3. Slökkvilið Borgarbyggðar (30205)
4. Slökkvilið Snæfellsbæjar (40203)
5. Slökkvilið Grundarfjarðar (40202)
6. Slökkvilið Stykkishólms (40201)
7. Slökkvilið Dalabyggðar (50201)
8. Slökkvilið Reykhólahrepps (60202)
9. Brunavarnir Vesturbyggðar (60201)
10. Slökkvilið Tálknafjarðar (60203)
11. Slökkvilið Bolungarvíkur (70201)
12. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar (80201)
13. Slökkvilið Súðavíkurehrepps (80205)
14. Slökkvilið Strandabyggðar (90201)
15. Slökkvilið Kaldrananeshrepps (90203)
16. Slökkvilið Bæjarhrepps (90202)
17. Slökkvilið Vestur-Húnavatnssýslu (100202)
18. Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu (100201)
19. Slökkvilið Skagastrandar (100203)
20. Brunavarnir Skagafjarðar (110201)
21. Slökkvilið Fjallabyggðar (120201)
22. Slökkvilið Dalvíkur (140202)
23. Slökkvilið Akureyrar (140201)
24. Slökkvilið Grímseyjar (140205)

Slökkviliðsstjóri

- Jón Viðar Matthíasson
 Práinn Ólafsson
 Bjarni K. Þorsteinsson
 Svanur Tómasson
 Gunnar P. Gunnarsson
 Þorbergur Bæringsson
 Jóhannes Hauksson
 Ragnar K. Jóhannsson
 Davíð R. Gunnarsson
 Aðalsteinn Magnússon
 Ólafur P. Benediktsson
 Þorbjörn Sveinsson
 Hlynur B. Karlsson
 Einar Indriðason
 Tryggvi Ólafsson
 Heiðar Þór Gunnarsson
 Pétur R. Arnarson
 Andrés Leifsson
 Helgi Gunnarsson
 Óskar Stefán Óskarsson
 Ámundi Gunnarsson
 Sigurður Jónsson
 Þorbjörn Haraldsson
 Sigurður Bjarnason

Slökkvilið

25. Slökkvilið Grenivíkur (140204)
26. Slökkvilið Þingeyjarsveitar
27. Slökkvilið Norðurþings (150201)
28. Slökkvilið Mývatns, Reykjahlíð (150208)
29. Slökkvilið Langanesbyggðar (160203)
30. Brunavarnir á Austurlandi (160202)
31. Slökkvilið Seyðisfjarðar (160201)
32. Slökkvilið Fjarðabyggðar (170201)
33. Slökkvilið Breiðdalsvíkur (180205)
34. Brunavarnir A-Skaftafellssýslu (190201)
35. Slökkvilið Kirkjubæjarklausturs (200202)
36. Slökkvilið Mýrdalshrepps (200201)
37. Slökkvilið Vestmannaeyja (220201)
38. Slökkvilið Rangárvallasýslu (210201)
39. Slökkvilið Flúðum (230204)
40. Brunavarnir Árnessýslu (230208)
41. Slökkvilið Sveitarfélagsins Ölfus (230209)
42. Slökkvilið Hveragerðis (230202)
43. Slökkvilið Grindavíkur (240202)
44. Slökkvilið Sandgerðis (240203)
45. Slökkvilið Keflavíkurflugvallar (250201)
46. Brunavarnir Suðurnesja (240201)
47. Slökkvilið Alcan í Straumsvík

Slökkviliðsstjóri

- Guðni Sigþórsson
 Friðrik Steingrímsson
 Jón Á. Salómonsson
 Stefán Gunnarsson
 Ólafur Stefánsson
 Baldur Pálsson
 Ásgeir Magnússon
 Guðmundur Sigfússon
 Indriði Margeirsson
 Steinþór Hafsteinsson
 Hilmar Gunnarsson
 Ágúst F. Bjartmarsson
 Ragnar Baldvinsson
 Böðvar Bjarnason
 Jóhann Marelsson
 Kristján Einarsson
 Guðni Þór Ágústsson
 Snorri Baldursson
 Ásmundur Jónsson
 Reynir Sveinsson
 Ólafur Ásmundsson
 Sigmundur Eypórsson
 Halldór Halldórsson

Brunamálastofnun náíð samráð við slökkviliðin um hvaða búnað skyldi kaupa og hvar hann skyldi staðsettur.

Útboð fór fram á síðasta ári og snemma árs 2007 var samið við Sigurjón Magnússon á Ólafsfirði um kaup á 11 kerrum með búnaði til uppbyggingar æfingasvæða og 19 kerrum með mengun-arvarnabúnaði. Verðmæti samningsins er 65 milljónir króna.

Brunamálastofnun hefur einnig veitt fé til kaupa á 20 öflugum fartölvum og gerðar gagnagrunns fyrir eldvarnaeftirlit. Þá voru smíðaðir sjö yfirtendrunargámar sem staðsettir eru víða um land og nýtast slökkviliðunum til æfinga.

Víðtæk fræðsla fyrir slökkviliðsmenn í Brunamálaskólanum

Hlutverk Brunamálaskólans er að veita slökkviliðsmönnum og eldvarnaeftirlitsmönnum um allt land þá menntun, starfsþjálfun og endurmenntun sem nauðsynleg er vegna starfa þeirra. Skólaráð er Brunamálastofnun til ráðgjafar um málefni og rekstur skólans. Ráðið ber ábyrgð á starfsemi skólans gagnvart brunamálastjóra en skólastjóri annast daglegan rekstur. Skólaráð er þannig skipað:

- Trausti Þorsteinsson, formaður
- Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga
- Sverrir Björn Björnsson, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Seinni hluti námskeiðs fyrir atvinnuslökkviliðsmenn sem hófst árið 2005 var haldinn á árinu 2006. Alls sóttu 13 þetta námskeið. Slökkvilið Akureyrar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Brunavarnir Suðurnesja sáu um framkvæmd námskeiðsins eins og á árinu 2005.

Eitt námskeið fyrir stjórnendur var haldið í Revinge í Svíþjóð. Veittur var styrkur úr mannskíptaverkefni Nordplus Voksen til að senda 25 þátttakendur og sex kennara til Svíþjóðar og aðstaða fengin hjá skóla Ráðningsverket í Revinge til að halda námskeiðið. Þrjú daga undirbúningsnámskeið var haldið í Reykjavík áður en farið var út. Þátttakendur fengu styrk frá Fræðslusjóði til þess

að standa straum af öðrum kostnaði við námskeiðið. Teknir voru saman minnisþingar úr ferðinni sem birtir voru á heimasíðu Brunamálastofnunar.

Á nær öllum námskeiðum eru þátttakendur beðnir að meta námskeiðið á þar til gerðum eyðublöðum og kemur fram almenn ánægja með þá þætti sem metnir eru.

Fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn voru ráðgerð 24 helgar-námskeið. Sex námskeið féllu niður vegna þess að þátttaka var ekki nægjanleg. Alls voru því haldin 18 námskeið fyrir 188 þátttakendur sem skiptist þannig milli námskeiðshluta:

Alls sóttu 25 námskeið fyrir stjórnendur og 201 námskeið fyrir slökkviliðsmenn. Heildarfjöldi nemenda við skólann á árinu var 275.

Nýtt námsefni fyrir eldvarnaeftirlitsmenn

Haustið 2004 var hafist handa við að vinna nýtt námsefni fyrir eldvarnaeftirlitsmenn og hefur bókin hlotið nafnið Eldvarnaeftirlit. Í henni er tekið saman ýmislegt efni sem til hefur verið hjá skólanum og Brunamálastofnun, auk þess sem bætt er við nýju efni sem er þýtt og staðfært úr ensku, þar sem aðallega er stuðst við IFSTA.

Byggingadeild Brunamálastofnunar hefur yfirfarið og skrifað stóran hluta efnisins. Gert er ráð fyrir að útgáfa hennar verði í mjög takmörkuðu upplagi og hún verði því ekki prentuð heldur eingöngu fjölfölduð hjá Brunamálastofnun. Önnur drög voru notuð á námskeiði árið 2006.

Nýtt námsefni fyrir stjórnendur í slökkviliðum

Vorið 2006 var hafist handa við að vinna nýtt námsefni fyrir stjórnendur í slökkviliðum og hefur bókin hlotið nafnið Stjórnandi í slökkviliði. Í henni er tekið saman ýmislegt efni sem til hefur verið hjá skólanum og Brunamálastofnun, auk þess sem bætt er við nýju efni sem er þýtt og staðfært úr ensku, þar sem aðallega er stuðst við IFSTA.

Slökkviliðasvið Brunamálastofnunar hefur yfirfarið og skrifað stóran hluta efnisins og er gert ráð fyrir að útgáfa verði í mjög takmörkuðu upplagi, ekki prentuð heldur eingöngu fjölfölduð hjá Brunamálastofnun. Fyrstu drög voru notuð á námskeiði árið 2006.



Slökkviliðin keyptu sex nýja bíla

Fimm slökkvilið keyptu nýja bíla á síðasta ári og voru þeir nær allir smíðaðir í Póllandi:

- Slökkvilið Ísafjarðar keypti Renault Kerax 420 4x4 með tvöföldu húsi TLF 4000/200. Smíðaður af Wawrzaszek í Póllandi og fluttur inn af Ólafi Gíslasyni & Co hf.
- Brunavarnir Skagafjarðar keyptu Renault Kerax 420 6x6 með einföldu húsi TLF 11000/200. Smíðaður af Wawrzaszek í Póllandi og fluttur inn af Ólafi Gíslasyni & Co hf.
- Slökkvilið Fjarðabyggðar keypti Renault Kerax 420 4x4 með tvöföldu húsi TLF 4000/200. Smíðaður af Wawrzaszek í Póllandi og fluttur inn af Ólafi Gíslasyni & Co hf.
- Slökkvilið Austurbyggðar (Fjarðabyggðar) keypti Scania P420 4x4 með tvöföldu húsi TLF 4000/200. Smíðaður af Wawrzaszek í Póllandi og fluttur inn af Ólafi Gíslasyni & Co hf.
- Slökkvilið Þorlákshafnar keypti Renault Kerax 420 4x4 með tvöföldu húsi TLF 4000/200. Smíðaður af Wawrzaszek í Póllandi og fluttur inn af Ólafi Gíslasyni & Co hf.
- Slökkvilið Fjarðabyggðar keypti Mercedes Benz körfubíl, ágerð 1991, með Simon Granis körfu. Lyftihæð 32 m.

Fjöldi þátttakenda á námskeiðum Brunamálaskólans



Æfingar fyrir slökkvilið

Brunamálstofnun gaf út ritið Æfingar fyrir slökkvilið í nóvember 2006. Ritið er fyrst og fremst hugsað sem hugmyndabanki fyrir slökkvilið við gerð æfingaáætlunar og framkvæmd æfinga. Í ritinu eru æfingar sem lúta að aðalatriðum sem slökkviliðsmenn þurfa að kunna til að geta unnið af öryggi og fagmennsku á vettvangi. Æfingarnar voru valdar með það að markmiði að þær væru sem líkastar þeim aðstæðum sem slökkvilið þurfa að takast á við.



Styrkir úr Fræðslusjóði til slökkviliða og einstaklinga

Úthlutað var 3,5 milljónum króna úr Fræðslusjóði brunamála árið 2006 eins og árið á undan, að tillögu brunamálaráðs. Stjórn sjóðsins veitti þrjár milljónir króna til 14 slökkviliða og eins einstaklings til að standa straum af kostnaði við að sækja námskeið fyrir stjórnendur slökkviliða sem haldið var í Reykjavík og Revinge í Svíþjóð í október. Alls tóku 25 slökkviliðsmenn þátt í námskeiðinu en Brunamálaskólinn annaðist kennslu og hafði umsjón með námskeiðinu. Sex kennarar kenndu á námskeiðinu á vegum skólans. Þrjú einstaklingar fengu auk þess samtals 500 þúsund krónur í styrki til ýmissa verkefna.

Könnun á eldvörnum heimilanna

Brunamálstofnun og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) fengu Capacent Gallup til að gera könnun á eldvörnum heimilanna í nóvember 2006 (skýrsla gefin út 17. nóvember). Niðurstöður könnunarinnar leiða berlega í ljós að talsvert skortir á að eldvarnir heimilanna séu í lagi. Meðal helstu niðurstaðna könnunarinnar eru:


- Slökkvitæki vantar á nær 40% heimila. Hlutfallið er 52% hjá aldurshópnum 25-34 ára.
- Eldvarnateppi vantar á um 44% heimila.
- Enginn reykskynjari er á um 6% heimila og aðeins einn skynjari er á um þriðjungi heimila þrátt fyrir áróður um að tveir skynjarar eigi að vera á hverju heimili, helst fleiri. Hjá fólki á aldrinum 25-34 ára er enginn skynjari á 6,5% heimila og aðeins einn á 42,2% heimila.
- Óuppsettir reykskynjarar eru til á um fjórðungi heimila.
- Aðeins 17,3% heimilanna reyndust hafa gert neyðaráætlun.
- Á aðeins 42,3% heimilanna var ráðlagður grunnbúnaður vegna eldvarna fyrir hendi, það er allt í senn reykskynjari, slökkvitæki og eldvarnateppi.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á sameiginlegum fréttamannafundi Brunamálstofnunar, LSS og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og vöktu talsverða athygli.


Eldvarnaátakið og 112 dagurinn

Brunamálstofnun var meðal helstu styrktaraðila Eldvarnaátaks LSS sem fram fór í nóvember og desember. LSS gaf út veglegt forvarnablað fyrir heimilin í landinu og slökkviliðsmenn heimsóttu


Skipting námskeiða milli stjórnenda, slökkviliðsmanna og eldvarnaeftirlitsmanna



Skipting fjölda þátttakenda milli stjórnenda, slökkviliðsmanna og eldvarnaeftirlitsmanna



Hversu margir uppsettir reykskynjarar eru á heimilinu?



átta ára börn í öllum grunnskólum landsins og fræddu þau um eldvarnir og öryggi á heimilinum. Börnunum var einnig gefinn kostur á að taka þátt í Eldvarnagetrauninni með fjölskyldum sínum og færa þannig fræðsluna inn á heimilin. Í könnun Gallup sem getið er að ofan kom í ljós að 98,6 prósent svarenda töldu Eldvarnaátakið mjög (83,9%) eða frekar mikilvægt.

112 dagurinn var haldinn öðru sinni hér á landi 11. febrúar 2006. Brunamálastofnun og slökkvilið víða um land tóku virkan þátt í fjölbreyttri dagskrá dagsins. Bílar og tæki slökkviliðanna voru áberandi í bíla- og tækjalestum sem óku um héruð í tilefni dagsins og fjöldi fólks heimsótti slökkvilið og aðra viðbragðsaðila til að kynna sér starfsemi þeirra. Tilgangur 112 dagsins er að kynna neyðarnúmerið og starfsemi þeirra fjölmörgu viðbragðsaðila sem almennigur hefur aðgang að í gegnum það.

Slökkviliðsstjórar fjölluðu um styrki til eflingar eldvarna

Aðalumfjöllunarefni ráðstefnu slökkviliðsstjóra, sem haldin var í Reykjavík í mars 2006, var hvernig verja skyldi 100 milljónum króna sem Brunamálastofnun hugðist verja til að efla eldvarnir og viðbrögð við mengunarslysum um allt land. Slökkviliðsstjóranir mynduðu vinnuhópa sem fjölluðu um hvernig búnað væri æskilegt að kaupa fyrir áður nefnda fjárhæð og hvar hann skyldi staðsettur. Niðurstöður vinnuhópanna voru kynntar á ráðstefnunni og tók brunamálastjóri síðan tillit til þeirra við ákvörðun um kaup á búnaði.

Auk þess kynnti Elísabet Pálmadóttir, skólustjóri Brunamála-skólans, nýtt kennslu- og kynningarefni fyrir þátttakendum á ráðstefnunni og Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur gerði grein fyrir brunatjóni sem varð árið á undan. Loks kynntu



ráðstefnugestir sér starfsemi Björgunarmiðstöðvarinnar Skógarhlíðar, þjónustu Neyðarlínunnar, 112, og starfsemi samhæfingarstöðvarinnar í Björgunarmiðstöðinni.


Eignatjón var með minnsta móti


Brunamálastofnun hefur um árabíl tekið saman upplýsingar um mann- og eignatjón vegna eldsvoða hérlendis, borið þessar upplýsingar saman milli ára og yfir lengri tímabil og sett þær í þjóðhagslegt samhengi. Jafnframt hefur stofnunin fylgst náið með stöðu Íslands í samanburði við önnur lönd og birt upplýsingar þar að lútandi. Öflugar brunavarnir stuðla að auknum lífsgæðum. Það er flestum þjóðum því mikið keppikefli að halda tjóni vegna eldsvoða í lágmarki.

Bætt eignatjón vegna bruna hérlendis nam 922 milljónum króna og er það talsvert undir meðallagi síðustu 15 ára. Þarf raunar að fara allt aftur til ársins 1995 til að finna minna eignatjón af völdum bruna á verðlagi ársins 2006. Árlegt brunatjón frá 1981 hefur verið að meðaltali 1.159 milljónir króna á verðlagi í júlí 2006.

Sé eignatjónið 2006 skoðað með tilliti til vergrar landsfram-

Eignatjón í eldsvoðum 1981-2006 á verðlagi í júlí 2006 – meðaltal 1.159 milljónir króna





leiðslu kemur í ljós að það er langt undir meðaltali og með því minnsta sem um getur síðan 1981. Tjónið 2006 nam 0,088 prósent af vergri landsframleiðslu í fyrra og hefur hlutfallið aðeins einu sinni á tímabilinu verið lægra, 0,077 prósent árið 1993. Meðaltalið frá 1981 á verðlagi hvers árs er 0,148 prósent.

Enginn stórbruni varð í byggingum á árinu. Sá eldsvoði sem mesta athygli vakti á árinu varð þegar gróður brann á Mýrum í mars en þar urðu ekki skemmdir á mannvirkjum.

Tveir létust í eldsvoðum

Tveir létust í eldsvoðum árið 2006 og er það nálægt árlegu meðaltali frá 1979. Alls hafa 51 týnt lífi í eldsvoðum á tímabilinu eða um 1,8 að meðaltali á ári. Mest manntjón á einu ári varð þegar sex létust árið 1979. Fjórir létust 1980 og 1988 en annars hefur manntjón orðið minna.

Tölur Brunamálastofnunar um manntjón frá 1979 sýna meðal annars eftirfarandi:

- Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem hafa látist eða um þrír af hverjum fjórum.
- Karlar á þrítugs- og sextugsaldri eru stærstu einstöku hópar látinna.
- Flestir hafa látist í janúar (11) en fæstir í júní (1). Nær fjórðungur (12) lést á laugardegi.
- Mikill meirihluti (88%) lést af völdum eldsvoða í íbúðarhúsnæði.

The Iceland Fire Authority

The Iceland Fire Authority is an institute of knowledge, coordination, supervision and administration, working with and for the central public authorities, the fire brigades, the general public and other interested parties, on consultation, supervision, and reforms in the field of fire protection. The Authority represents Iceland in international collaboration in the field of fire protection.

Diverse tasks in accordance with the law

The Iceland Fire Authority operates in accordance with the new laws on fire protection, introduced at the beginning of 2001. The principal tasks of the Authority are:

- to supervise the implementation of the laws, and of the regulations set forth thereby;
- to supervise fire protection inspections and fire fighting in local communities, to ensure coordinated supervision and effective fire fighting;
- to attend to the introduction and instruction of the general public and of fire brigades and of those who work on designing buildings for fire safety;
- to offer advice to building authorities on fire protection in buildings and on the fire safety of merchandise;
- to approve service and inspection parties for fire protection, and for the fire protection plans of local authorities;
- to check the fire safety design for new buildings, extensions and alterations of structures, which the fire chief or local building authority refers to the institute,

- to monitor and, depending on circumstances, to conduct independent research in the field of fire protection, along with writing an annual report on the causes and effects of fires,
- to monitor advancements and innovations in the field of fire protection and make proposals to the Ministry on changes of regulations, as occasion demands.

The Iceland Fire Authority is at the same time obliged to work on the coordination of fire protection in Iceland and to promote co-operation between those who work on fire protection. The Authority shall, with independent observations and appraisals, instruct local authorities on the requirements for fire protection inspections and fire brigades.

Administration of fire services

The Minister for the Environment is in charge of fire protection affairs. The Minister appoints the Director of the Iceland Fire Authority every five years. He handles the daily management and operation of the Authority and hires its employees. He is responsible to the Minister for its operation. Dr Björn Karlsson was appointed Director of the Iceland Fire Authority from 1 January 2001. There were 13 salaried employees of the Iceland Fire Authority on 31 December 2006. The Authority also pays for the services of consultants for particular projects. The Minister for the Environment appoints the Iceland Fire Authority Council for a term of four years at a time. The Council gives the Iceland Fire Authority technical advice. The Chairman of the Iceland Fire Authority Council is Drífa Sigfúsdóttir.

Ársreikningur 2006

Rekstrarreikningur árið 2006

	2006	2005
Tekjur		
Brunavarnargjald	207.932.684	202.081.987
Ýmsar tekjur	13.046.782	13.543.355
	<u>220.979.466</u>	<u>215.625.342</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	74.703.193	64.916.186
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	10.123.204	5.707.738
Funda- og ferðakostnaður	19.124.144	20.197.908
Aðkeypt sérfræðipjónusta	16.436.279	15.180.796
Rekstur tækja og áhalda	3.076.661	3.398.182
Annar rekstrarkostnaður	4.333.152	3.243.422
Húsnæðiskostnaður	22.700.641	22.160.313
Bifreiðarekstur	2.971.200	3.564.930
Tilfærslur	21.475.125	4.106.000
	<u>174.943.599</u>	<u>142.519.875</u>
Eignakaup	2.678.411	1.463.228
	<u>177.622.010</u>	<u>143.983.103</u>
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur	43.357.456	71.642.239
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	6.336.398	4.417.767
Tekjuafgangur ársins	<u>49.693.854</u>	<u>76.060.006</u>

Sjóðstreymi árið 2006

	2006	2005
Rekstrarhreyfingar		
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		
Tekjuafgangur	49.693.854	76.060.006
Veltufé frá rekstri	<u>49.693.854</u>	<u>76.060.006</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>		
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)	3.449.334	(12.814.410)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun	(911.818)	2.009.806
	<u>2.537.516</u>	<u>(10.804.604)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>52.231.370</u>	<u>65.255.402</u>
Fjármögnunarmarkhreyfingar		
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>		
Greitt úr ríkissjóði	(113.864.450)	(60.886.254)
Fjármögnunarmarkhreyfingar	<u>(113.864.450)</u>	<u>(60.886.254)</u>
Hækkun á handbæru fé	<u>(61.633.080)</u>	<u>4.369.148</u>
Handbært fé í ársbyrjun	<u>66.182.257</u>	<u>61.813.109</u>
Handbært fé í lok ársins	<u>4.549.177</u>	<u>66.182.257</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	2006	2005
Eignir		
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	355.698.991	241.834.541
Viðskiptakröfur	31.328.647	34.777.981
Handbært fé	4.549.177	66.182.257
Eignir alls	<u>391.576.815</u>	<u>342.794.779</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
<i>Höfuðstóll:</i>		
Höfuðstóll í ársbyrjun	130.849.131	95.571.112
Flutt á annað fé	(92.932.684)	(40.781.987)
Tekjuafgangur ársins	49.693.854	76.060.006
Höfuðstóll	<u>87.610.301</u>	<u>130.849.131</u>
<i>Annað eigið fé:</i>		
Bundið eigið fé	299.047.789	206.115.105
Annað eigið fé	<u>299.047.789</u>	<u>206.115.105</u>
Eigið fé	<u>386.658.090</u>	<u>336.964.236</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	4.918.725	5.830.543
Skuldir	<u>4.918.725</u>	<u>5.830.543</u>
Eigið fé og skuldir	<u>391.576.815</u>	<u>342.794.779</u>

Áritun endurskoðenda

Til Brunamálastofnunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Brunamálastofnunar fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Brunamálastofnunar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögsmæt fyriræmi, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Brunamálastofnunar á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, júní 2007

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Sveinn Arason
endurskoðandi

Líf, heilsa,
umhverfi og eignir

Brunamálastofnun er þekkingar-, samræmingar-, eftirlits- og stjórnsýsluaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, slökkvilið, almenning og aðra hagsmunaaðila að ráðgjöf, eftirliti og umbótum á sviði brunavarna. Þá er stofnunin í fyrirsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði brunavarna.

Brunavarnir lúta að lífi, heilsu, umhverfi og eignum og eru þannig mikilvægur öryggisþáttur sem á þátt í mótun búsetuskilyrða og hafa meðal annars áhrif á jafnvægi byggðar í landinu.

Brunamálastofnun leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu brunavarna á Íslandi.

Brunamálastofnun er hlekkur í velferðarkerfi íslensks samfélags og nýtir stofnunin þá fjármuni sem henni er falið að ráðstafa til forvarna og hagsbóta fyrir hagsmunaaðila.